6.

Gjafabréf Jóns Pálssonar til Tónlistarfélagsins um Pedal-Orgel-Harmoníum, sem hann gefur til notkunar handa nemendum þeim, er nám stunda hjá dr.Páli Ísólfssyni, og til minningar um bræður sína Bjarna og Ísólf Pálssyni.

---

1. Gjafabréfið.
2. Reikningur fyrir orgelið frá Elíasi Bjarnasyni.
3. Lýsing á orgelinu

Orgel þetta keypti Jón Pálsson hingað til lands árið 1904 og endurkeypti það árið 1941, eins og reikningurinn ber með sér.

# Pedal-Orgel-Harmonium

Það, er ég keypti að Elíasi Bjarnasyni yfirkennara, hinn 27. okt. 1941 og sem lýst er á meðf. skjali, hefi ég, í samráði við konu mína, ákveðið að gefa Tónlistarnemendum þeim, er læra vilja Orgelspil undir stjórn Páls Ísólfssonar, meðan hans nýtur við.

Samningur, eða reglulegt gjafabréf, er því enn eigi samið, en þegar að því kemur, vil ég, að hljóðfæri þetta verði eign Tónlistarskólans, en þá fyrst, er hann er orðinn sjálfstæð eign, en eigi meðan hann er rekinn af einstökum mönnum, félagi eða félögum; hinsvegar er leyfilegt tónlistarmönnum þeim, er kennslu stunda hjá Páli Ísólfssyni (Orgelspil), að nota hljóðfærið, þótt eigi sé félagið sjálfstæð eign.

Nú sem stendur, er hljóðfærið geymt í K.F.U.M.-húsi og til æfinga þar, og skal það ávalt vera vátryggt fyrir a.m.k. kr. 5000 – fimm þúsund – krónum.

Gjöf þessi skal vera til minningar um þá bræður mína, Bjarna sál. Pálsson (d. 24. febr. 1887) og Ísólf sál. Pálsson (d. 17. febr. 1941), sem hina fyrstu ólærðra manna ruddu sönglistinni braut bæði í Árnessýslu og hér í Reykjavík.

Síðar gjöri ég ráð fyrir, að sérstakt gjafabréf verði samið og útgefið um gjöf þessa, og þar til tekið, hvernig andvirði hljóðfærisins skuli varið ef það yrði selt, eða á annan veg fara með það en hér er nefnt: T.d. að kaupa þá nýtt hljóðfæri í þess stað.

Loks skal það tekið fram hér, til bráðabirgða, að gjöf þessi er frá konu minni einnig.

Reykjavík, 27. október 1941.

Jón Pálsson



# Elías Bjarnason

~~Sólvöllum 5~~ Lauf. 18 — Reykjavik
Sími 4155 — Pósthólf 716



Reykjavik, 27. okt. 1941

Herra Jón Pálsson fyrrv. bankaféhirðir,
Laufásvegi 59

Herbertsprent

| 1941 | | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| Okt. | 27 | An. Pedalorgel með mótor* | 2500 | 00 |
| | | | 2500 | 00 |

Greitt.
Elías Bjarnason.

*Sjá nmgr. lýsingu á orgelinu, sem nú er í K.F.U.M. ætlað lærlingum Tónlistarskólans til æfinga, undir stjórn Páls Ísólfssonar

27. okt. 1941

Jón Pálsson

# Orgel-Harm. m/Ped. & 2 man.

## Register:

| | | |
|---|---|---|
| I. man. | Diapason 8' | Gamba 8' |
| | Dolce 8' | Vox Jubilante 8' |
| II. man. | Euphone 8' | Salicional 8' |
| | Dolce 8' | Diapason-dolce 8' |
| Pedal: | Subass 16' | Principal 8' |

Vox humana.
Forte

## Combinationer:

man. Koppel: I. man. — II. man.
I. man.: Oktavkoppel — Forte.
II. man.: Sweller.

General Forte

**Motor:** 1/4 hk.

Keypt 1904. — Endurkeypt 27. okt. 1941 (sjá medf. kvittan)
fyri kr. 2500.— J. P.

I. man. [1] Diapason — [2] Gamba
[3] Dolce — [4] Vox Jubilante

II. man. [5] Euphone — [6] Salicional
[7] Dolce — [8] Diapason dolce

Pedal: [9] Subbass 16' [10] Principal 8'

11) Vox humana
12) Forte

man. Koppel milli I. man. og II. man
I. man. Oktav Kpl. — Forte
II. m. Svellari

General Forte (ef mótor er, annars stígið.